

Nr. 18-020 S 011 Saga SU 606***Sekkur í höfn***

Skipaskr.nr. 1538
Utgerð: Sjóstöng ehf
Smíðaður: Fáskrúðsfjörður, 1979, eik.
Stærð: 21,03 bt
Mesta lengd: 13,94 m Skráð lengd: 13,47 m
Breidd: 3,74 m Dýpt: 1,61 m
Vél: Cummins 147 kW, 1979
Fjöldi skipverja: 0



Saga © NN

Gögn:
Lögregluskýrsla
Skýrsla kafara
Gögn RNSA


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:


Þann 11. febrúar 2018 var fiski / farþegabáturinn Saga SU 606 við landfestar á Breiðdalsvík. Veður: V 16-17 m/s í hviðum 30 m/s.

Um nóttina sökk báturinn við flotbryggjuna (*sjá mynd*).



Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var landtengdur;
- að tvær lensidælur voru í vélarúmi en búið var að fjarlægja skilrúm milli vélarúmsins og lestar vegna viðgerðar á vél;
- að eigandinn kvaðst hafa athugað með bátinn daginn áður og þá hefði allt virst vera eðlilegt um borð og rafmagn verið á honum;
- að haffærnissskírteinið fyrir bátinn hafði runnið út þann 9. ágúst 2017 og var bátnum þá lagt við bryggjuna þar sem hann sökk;
- að Köfunarþjónusta Sigurðar ehf. vann við að lyfta bátnum og dæla úr honum síðan var hann dreginn upp í fjöru og dæmdur ónýtur;
- að við skoðun kom í ljós að á stb. hlið bátsins var metersläng skemmd á samskeytum þilfars og lestar eftir núning við flotbryggjuna þannig að sjór hefur komist niður í lest. Fúi var í efsta borðinu á síðunni (*sjá mynd*);



Skemmdir á stb. síðu bátsins.



- að á flotbryggjunni var timburbiti sem var boltaður á hana. Ummerki sáust á timburbitanum þar sem báturinn hafði nuddast í hann;
- að um nóttina stóð vindur á bb. síðu bátsins og hélt honum þétt upp að flotbryggjunni.

Nefndarálit:

Nefndin telur að báturinn hafi sokkið vegna rifu sem hafi myndast á fúnu borði eftir núning við bryggjuna.